

Byggingafulltrúi Dala og A-Barð
Bogi Kristinsson Magnusen
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
05 JULI 2010
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júní 2010
Tilvísun: UST20100400073/ksj

Tillaga að deiliskipulagi smábátahafnar að Innstapelli í Flatey á Breiðafirði

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Dala, A- Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir smábátahöfn í Flatey á Breiðafirði.

Í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillögunni kemur fram, að þegar kostir fyrir smábátahöfn í Flatey voru skoðaðir kom í ljós að Innstipollur við Hólsbúðarvog var talinn besti kosturinn. Rökstuðningur fyrir því er að staðurinn er í góðu skjóli af eyjum og hölmum sunnan Flateyjar og því er reiknað með eins efnislitlum skjólgörðum og mögulegt er, og gert er ráð fyrir dýpkun á bátalægi og innsiglingarrennu, en ekki á aðkomuleið.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna

Efnispörf

Fram kemur í greinargerð að efnispörf í varnargarða er alls 4000 rúmmetrar. Einnig kemur fram að bátalægi sem er 750 fermetrar og innsiglingarennan sem er 480 fermetrar verði dýpkuð um 2,5 metra og verði efnið notað í varnargarðana svo ekki hljótist rask af framkvæmdunum í eyjunni. Nú fást milli 3000 og 3100 rúmmetrar með ofangreindum dýpkunaraðgerðum svo að mati Umhverfisstofnunar þarf auk þessa að gera grein fyrir tæplega 1000 rúmmetra efnispörf.

Varnargarðar

Af þeim framkvæmdum sem felast í gerð smábátahafnar við Innstapoll eru varnargarðar einna fyrirferðamestir. Að mati Umhverfisstofnunar þurfa að koma fram nánari lýsingar á hæð og gerð þeirra, í deiliskipulagstillögunni. Hliðarmyndir og sneiðingar af varnargörðunum myndu einnig gefa greinarbetri upplýsingar um útlit þeirra, og telur stofnunin að slíkar teikningar skorti.


Umhverfisáhrif


Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir niðurstöðu sveitastjórnar um að umhverfisáhrif breytinganna verði óveruleg, enda kemur fram í umhverfisskýrslu að ekki liggur fyrir mat á umhverfisþáttum í sjó og vistkerfi sjávar eða mat á áhrifum hugsanlegs rofs né áhrif á lífríki á sjávarbotni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir ofansjávar muni ekki valda verulegum áhrifum en bendir á að nokkur óvissa ríkir um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar neðan sjávar. Nánari upplýsingar skortir um hvaðan fjórðungur efnis í varnargarða muni koma. Einnig skortir upplýsingar um lífríki sjávar við Innstapoll og áhrif þess rasks er framkvæmdin hefur í för með sér á það. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun